

Góðan dag,

Hafna- og atvinnumálaráð Vesturbyggðar tók tillögu að starfsleyfi fyrir sjókvældi Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði fyrir á 33.fundi sínum sem haldinn var 18. október s.l. Á fundinum var eftirfarandi bókað:

*Lagður fram tölvupóstur frá umhverfisstofnun dags. 11. október 2021 þar sem tilkynnt er að stofnunin hafi auglýst tillögu að starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði. Um er að ræða sjókvældi með allt að 4.000 tonna hámarksliðmassa á hverjum tíma.*

*Hafna- og atvinnumálaráð gerir athugasemd við tillögu að starfsleyfi og leggur til að bundið verði í starfsleyfið að eldisafurðir sem verði til í Arnarfirði verði unnar í landi innan fjórðungsins. Í kafla 3.10 Mannalaþörf og uppbygging þjónustu í matsskýrslu um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslöðaskiptu eldi í Arnarfirði dags. 23. júlí 2018, uppfærð 15. mars 2019 kemur fram að 10-15 störf skapist við vinnslu og pökkun á framleiðslunni. Að mati ráðsins er því eðlilegt að tilgreint sé í starfsleyfinu hvernig uppfylltar verði forsendur matsskýslunnar um mannaþörf og uppbyggingu þjónustu. Að öðrum kosti má leiða líkur að því að ef framleiðslan er flutt beint út án frekar vinnslu í fjórðungnum þá muni fyrrgreind störf hverfa og forsendur matsskýslunnar því brostnar.*

KV,

F.h. hafna- og atvinnumálaráðs,



Elfar Steinn Karlsson

Hafnarstjóri

Sími: 450-2312 | GSM: 849-7909

Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patreksfirði | [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is)